



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagurinn, 8. Maí, 2013

Ákvörðun nr. 13/2013

## **Kaup 365 miðla ehf. á öllum hlutum í Midi.is ehf., af Digitalus ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Þann 29. nóvember 2012 barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá Mörkinni lögmannsstofu þar sem tilkynnt var um kaup 365 miðla ehf. (hér eftir 365 miðlar) á öllum hlutum í Midi.is ehf. (hér eftir Miði.is), af Digitalus ehf. Bréfinu fylgdi samrunatilkynning og samrunaskrá, sbr. reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna með síðari breytingum.

Frestir Samkeppniseftirlitsins samkvæmt 17. gr. d samkeppnislaga nr. 44/2005 til rannsóknar málsins hófust þann 30. nóvember sl. Samkvæmt því ákvæði skal Samkeppniseftirlitið einnig tilkynna aðilum innan 25 virkra daga frá því að stofnuninni berst samrunatilkynning hvort ástæða sé talin til frekari rannsóknar samrunans og var það gert með bréfi, dags. 7. janúar 2013.

Mál þetta hefur sætt rannsókn Samkeppniseftirlitsins og hefur eftirlitið átt fundi og samtöl við ýmsa hagsmunaaðila, þ. á m. samrunaaðila og keppinauta þeirra. Þá aflaði Samkeppniseftirlitið sjónarmiða og ýmissa gagna frá samrunaaðilum, keppinautum þeirra og viðskiptavinum Miða.is. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar eða viðhorf aðila skipta máli fyrir niðurstöðu málsins er þeirra getið í ákvörðuninni.

Samkeppniseftirlitið sendi samrunaaðilum umsagnir markaðsaðila um samrunann til athugasemda með bréfi, dags. 4. febrúar 2013. Á fundi Samkeppniseftirlitsins og samrunaaðila 20. febrúar 2013 var m.a. farið yfir áhyggjur af mögulegum samkeppnislegum áhrifum samrunans sem fram höfðu komið í umsögnum markaðsaðila. Á fundinum ítrekuðu samrunaaðilar þá afstöðu sína að ekki væru forsendur til íhlutunar vegna samrunans. Aftur á móti tóku samrunaaðilar fram að þeir væru tilbúnir til að fallast á að gera sátt og setja samrunanum skilyrði til að koma til móts við þau sjónarmið sem komið höfðu fram í athugasemdum markaðsaðila.



Í kjölfarið hafa viðræður Samkeppniseftirlitsins við samrunaaðila leitt til þess að þeir hafa gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að sett eru skilyrði fyrir þeim samruna sem um er fjallað í máli þessu, en nánar er fjallað um þau í niðurstöðukafla þessarar ákvörðunar.

## **II. Niðurstöður**

### **1. Samruninn og aðilar hans**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í samrunaskrá kemur fram að aðilar samrunans séu 365 miðlar og Digitalus ehf. Digitalus ehf. sé undir yferráðum ALMC hf. sem áður hét Straumur Fjárfestingarbanki hf. Tilgangur félagsins sé kaup, sala og eignarhald verðbréfa, eign, leiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur. Digitalus ehf. er móðurfélag Miða.is sem er hið selda félag. Tilgangur Miða.is sé þróun rekstur og þjónusta á hugbúnaði fyrir miðasölukerfi og önnur starfsemi því tengd. Miði.is var áður í eigu félagsins Venuepoint AS.

Þá segir í samrunaskrá að 365 miðlar séu fjölmiðlafyrirtæki sem starfi á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess sé fjölmiðlun og skyld starfsemi. 365 miðlar reki sex sjónvarpsstöðvar (stöð 2, stöð 2 Krakkar/Gull, stöð 2 Bío. Popptíví og stöð 2 sport 1 og 2), auk svokallaðra plús stöðva sem senda út útsendingu með klukkutíma seinkun og sendi jafnframt út endurvarp á erlendu sjónvarpsefni. 365 miðlar reki fimm útvarpsstöðvar; Bylgjuna, FM957, X-ið, Gull Bylgjuna og Létt Bylgjuna. 365 miðlar gefi einnig út Fréttablaðið og reki vefmiðlinn Vísi.is.

Um er að ræða samruna vegna kaupa 365 miðla á öllum hlutum í Miða.is af Digitalus ehf., sbr. kaupsamning þess efnis, dags. 16. nóvember 2012. Af því leiðir að um er að ræða samruna félaganna 365 miðla og Miða.is og kemur hann til athugunar samkvæmt samrunareglum samkeppnislaga enda eru veltuskilyrði laganna uppfyllt.

### **2. Markaðir málsins og staða samrunaaðila á þeim**

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgöngupjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markaði út frá að minnsta kosti tveimur sjónarhornum. Annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðnum og hins vegar út frá landfræðilega markaðnum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.



## 2.1 Sjónarmið samrunaaðila

Fram kemur í samrunaskrá að samrunaaðilar telja að samruninn nái til markaðarins fyrir sölu á Internetinu á aðgöngumiðum að dægurviðburðum á Íslandi annars vegar og markaður fyrir fjölmiðlun hins vegar. Að mati samrunaaðila koma aðrir markaðir ekki til skoðunar í málinu.

Starfsemi Miða.is megi skipta í tvennt. Annars vegar netsölu þar sem sala fer fram í gegnum vefsíðu Miða.is. Í því tilvikum sé Miði.is í beinu sambandi við viðskiptavininn. Hins vegar sé um að ræða sölu á vegum kvikmyndahúsa, leikhúsa, tónleikahaldara og annarra viðburðahaldara. Í þessum tilvikum sé Miði.is seljandi hugbúnaðar sem umræddir aðilar nýta og greiða fyrir leyfisgjald mánaðarlega.

365 miðlar starfi á markaðnum fyrir fjölmiðlun hér á landi. Ljóst sé að þeim markaði megi skipta í nokkra undirmarkaði. Þar beri helst að nefna markaðinn fyrir dagblaðaútgáfu, markaðinn fyrir fréttu- og upplýsingaveitu í gegnum netið, markaðinn fyrir útvarp og markaðinn fyrir sjónvarp en alla þessa markaði verði að telja til sjálfstæðra markaða. Að mati 365 miðla standi ekki rök til þess að skipta öðrum mörkuðum en sjónvarpsmarkaðnum niður í undirmarkaði. 365 miðlar geri þó athugasemdir við skiptingu sjónvarpsmarkaðarins í markaðinn fyrir sjónvarp í opinni dagskrá og áskriftarsjónvarp.

Samrunaaðilar telja að í ljósi líttillar veltu Miða.is í auglýsingum þurfi ekki að taka til sérstakrar skoðunar áhrif samrunans á markað fyrir sölu auglýsinga á Internetinu.

Samrunaaðilar taka fram að starfsemi 365 miðla og Miða.is sé einungis hér á landi og markaðssvæðið sé landið allt. 365 miðlar telji þó að fyrirtækið sé í talsverðri samkeppni erlendis frá hvað sjónvarpsrekstur varðar og benda í því samhengi á gervihnattabúnað og sjónvarpsstöðvar sem senda út í gegnum netið (t.d. Apple TV, Netflix o.fl.) þótt þær séu ekki opinberlega í boði hér landi.

## 2.2 Mat Samkeppniseftirlitsins

365 miðlar og Miði.is starfa ekki á sama samkeppnismarkaði. Á það við hvort sem litið er til keppnauta á sama sölustigi eða lóðréttra áhrifa. Er því hvorki um að ræða lóðréttan né láréttan samruna í skilningi samkeppnislaga. Aftur móti starfa 365 miðlar og Miði.is á tengdum mörkuðum og er því um að ræða svokallaðan samsteypusamruna (e. *conglomerate merger*) í skilningi samkeppnislaga. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru þeir markaðir sem samruninn kemur einkum til með að hafa áhrif á eftirfarandi:

- Fjölmiðlamarkaður, einkum markaður fyrir sölu auglýsinga í fjölmiðlum og mögulegir undirmarkaðir.
- Markaður fyrir miðasöluþjónustu á dægurviðburði á Internetinu.

Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið ekki nauðsynlegt að skilgreina fjölmiðlamarkaðinn og markaðinn fyrir miðasöluþjónustu með ítarlegri hætti, t.a.m.



hvernig skipta eigi fjölmiðlamarkaðnum upp og hvort sala á eigin vegum tilheyri sama markaði og miðasölupjónusta þriðja aðila.

### 2.3 Staða samrunaaðila á mörkuðum málsins

365 miðlar og Miði.is hafa sterka stöðu á mörkuðum málsins og eru stærstu fyrirtæki landsins hvort á sínu sviði. Miði.is hefur undanfarin ár verið lang stærsta fyrirtæki landsins sem býður upp á miðasölupjónustu fyrir þriðju aðila á Internetinu. Miði.is er það fyrirtæki sem Íslenskir neytendur þekkja best þegar kemur að sölu aðgöngumiða á dægurviðburði á Internetinu og viðburðarhaldarar hafa flestir haldið tryggð við fyrirtækið í langan tíma. Helsti keppinautur Miða.is á undanförunum árum hefur verið fyrirtækið Grapewire en velta þess á markaðnum hefur verið takmörkuð og hlutdeild Miða.is nálægt 100% markinu. Í lok sumars 2012 opnaði miðasöluvefurinn [www.midakaup.is](http://www.midakaup.is) sem er í eigu fyrirtækisins io ehf. en sá vefur hefur ekki náð mikilli útbreiðslu. Þá taka samrunaaðilar það fram í samrunaskrá að þeir „telja að ekki séu líkur á því að neinn erlendur aðili hasli sér völl á markaðnum fyrir sölu aðgöngumiða hér á landi á netinu.“ Að mati Samkeppniseftirlitsins er helsta samkeppnislega aðhald sem Miði.is býr við hér á landi eigin sala viðburðarhaldara á aðgöngnumiðum, t.a.m. má nefna að Sambíóin selja miða á kvikmyndasýningar í gegnum eigið miðasölukerfi á vefnum [www.sambio.is](http://www.sambio.is).

365 miðlar eru stærsta fjölmiðlafyrirtæki landsins og starfar það að eigin sögn á „öllum sviðum fjölmiðlunar: sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun.“ 365 miðlar eru eina fjölmiðlafyrirtækið hér á landi sem starfar á svo breiðu sviði fjölmiðlunar. Helstu keppinautar 365 miðla í einstaka tegundum fjölmiðla eru Morgunblaðið á dagblaða- og vefmiðlamarkaði og Ríkisútvarpið í ljósvakamiðlum. Hlutdeild 365 miðla á umræddum mörkuðum er töluverð en auk þess hefur fyrirtækið töluverðan styrk af því að starfa á breiðu sviði fjölmiðlunar. Samruni 365 miðla og Miða.is kemur að mati Samkeppniseftirlitsins til með að styrkja þá stöðu 365 miðla, sbr. nánari umfjöllun hér að neðan.

Af framangreindu er ljóst að samrunaaðila njóta töluverðs markaðsstyrks á skilgreindum mörkuðum.

### **3. Niðurstaða**

Á árinu 2012 hafði Samkeppniseftirlitið til athugunar samruna Miða.is og D3 miðla ehf. dótturfyrirtækis Senu ehf. sem þá var fyrirhugaður. Málinu lauk með því að D3 miðlar hættu við kaupin á Miða.is þann 28. júní 2012. Í bréfi Senu til Samkeppniseftirlitsins og fréttatilkynningu D3 miðla vegna málsins kom fram að í ljósi mögulegra skilyrða sem Samkeppniseftirlitið hefði sett fyrir samrunanum væri ekki lengur hagur af samruna félaganna. Ákvörðun D3 miðla og Senu um að hætta við kaupin var tekin í framhaldi af fundi samrunaaðila með Samkeppniseftirlitinu 26. júní 2012 þar sem eftirlitið upplýsti um frummat sitt á fyrirhuguðum samruna. Var það mat Samkeppniseftirlitsins að ef samþykkja ætti samruna D3 miðla og Miða.is yrði að setja honum ströng skilyrði m.a. vegna viðkvæmra viðskiptaupplýsinga um keppinauta Senu sem Miði.is bjó yfir.



Samruni 365 miðla og Miða.is er ekki að öllu leyti sambærilegur áður fyrirhuguðum samruna D3 miðla og Miða.is, m.a. vegna þess að 365 miðlar eru ekki virkur keppinautur á viðburðarmarkaði.

Við rannsókn málsins leitaði Samkeppniseftirlitið eftir umsögnum frá keppinautum samrunaaðila og viðskiptavinum Miða.is um samrunann. Í umsögnum nokkurra umsagnaraðila var lýst yfir ákveðnum áhyggjum af fyrirhuguðum samruna. Þær áhyggjur voru að nokkru leyti sambærilegar þeim athugasemdum sem áður höfðu borist vegna rannsókna á samruna D3 miðla og Miða.is. Helstu athugasemdir umsagnaraðila voru að samruninn væri til þess fallinn að styrkja stöðu 365 miðla á fjölmiðlamarkaði. Að í kjölfar samrunans gætu 365 miðlar, að óbreyttu, gert það að skilyrði að þjónusta Miða.is og 365 miðla væri keypt saman (samtvinnun). Að viðkvæmar trúnaðarupplýsingar úr kerfum Miða.is yrðu nýttar í markaðsstarfi 365 miðla. Þó kom jafnframt fram að samruni 365 miðla og Miða.is væri líklega til þess fallinn að treysta bakland Miða.is og gera fyrirtækinu kleift að tryggja framþróun rekstrarins í samræmi við þróun tæknimála. Slík þróun væri lykilorð í rekstri miðasöluvefja eins og Miða.is og með samrunanum kynni staða Miða.is til að tryggja framangreint að styrkjast.

Með bréfi, dags. 4. febrúar 2013, sendi Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum athugasemdir umsagnaraðila til umsagnar. Samhliða umsagnarbeiðninni var samrunaaðilum jafnframt gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum um hugsanleg skilyrði sem unnt væri að setja samrunanum til að koma í veg fyrir hugsanlegar samkeppnishindranir. Á fundi Samkeppniseftirlitsins og samrunaaðila 20. febrúar 2013 var m.a. farið yfir framangreindar áhyggjur umsagnaraðila af mögulegum samkeppnislegum áhrifum samrunans. Á fundinum kom fram vilji samrunaaðila til að setja samrunanum skilyrði, m.a. til þess að koma til móts við þau sjónarmið sem fram komu í athugasemdum umsagnaraðila. Í kjölfar fundarins hófust viðræður Samkeppniseftirlitsins og samrunaaðila um möguleg skilyrði sem unnt væri að setja samrunanum til að koma í veg takmarkanir á samkeppni sem annars kynnu að leiða af honum. Meðferð málsins lauk með undirritun sáttar, dags. 14. mars 2013, á milli Samkeppniseftirlitsins, 365 miðla og Miða.is vegna samrunans.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að tilefni sé til íhlutunar skv. 17. gr. c. samkeppnislaga í tilefni af kaupum 365 miðla á öllum hlutum í Miða.is, af Digitalus ehf. Áður hefur komið fram að samrunaaðilar hafa lýst yfir vilja til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f laganna og 22. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Viðræður við samrunaaðila hafa leitt til sáttar, sem felur í sér þau skilyrði, sem fram koma í ákvörðunarorðum. Telur Samkeppniseftirlitið að skilyrðin leysi hin samkeppnislegu vandkvæði sem annars kynnu að stafa af samrunanum.

Með skilyrðunum er leitast við að tryggja sjálfstæði Miða.is gagnvart annarri starfsemi 365 miðla og þá einkum hvað varðar sölu á auglýsingum. Í athugasemdum umsagnaraðila höfðu komið fram áhyggjur af því að hið sameinaða fyrirtæki kynni að tvinna saman annars vegar miðasöluþjónustu Miða.is og hins vegar auglýsingaþjónustu 365 miðla. Með 2. gr. skilyrðanna er hinu sameinaða fyrirtæki gert óheimilt að gera það að skilyrði fyrir kaupum á þjónustu Miða.is að einnig séu keyptar auglýsingar í fjölmiðlum



365 miðla. Samkvæmt 3. gr. skilyrðanna skulu öll viðskipti á milli Miða.is og 365 miðla fara fram eins og um viðskipti á milli ótengdra aðila væri að ræða. Markmiðið með þessu ákvæði er að koma í veg fyrir að viðskiptavinum Miða.is sé mismunað í viðskiptakjörum. Í 4. gr. er að finna ákvæði um að 365 miðlum sé ekki heimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar úr rekstri Miða.is í sölu á auglýsingum og öðrum kynningum. Í 5. gr. er kveðið á um að Miði.is skuli áfram rekinn sem sjálfstætt félag og að minnsta kosti einn stjórnarmaður Miða.is skuli vera óháður. Önnur skilyrði þarfnast ekki sérstakrar skýringar.



### III.

#### Ákvörðunarorð:

Samningur 365 miðla um kaup á öllum hlutum í Midi.is ehf., af Digitalus ehf., dags. 16. nóvember 2012, felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. c samkeppnislaga er samrunanum sett skilyrði. Með setningu skilyrðanna er ekki þörf á ógildingu samrunans:

#### 1. gr.

##### Markmið ráðstafana

Hin sameinuðu félög, 365 miðlar og Miði.is, fallast á að grípa til þeirra ráðstafana sem tilgreindar eru í skilyrðum þessum. Markmið ráðstafananna er að verja og efla samkeppni vegna sölu á birtingu auglýsinga og kynninga í fjölmiðlum á Íslandi og umboðssölu á aðgöngumiðum á Internetinu á Íslandi og vinna gegn þeim samkeppnishömlum sem annars kynnu að stafa af samruna félaganna.

#### 2. gr.

##### Samtvinnun

365 miðlum og Miða.is er óheimilt að tvinna saman annars vegar sölu á birtingu auglýsinga og kynningarstarfsemi á vegum 365 miðla og hins vegar sölu á vörum eða þjónustu Miða.is. Þannig er óheimilt að gera það að skilyrði fyrir viðskiptum þeirra sem annast hvers kyns viðburðahald, að viðburðir sem aðgangur er seldur að í gegnum kerfi Miða.is, séu auglýstir eða kynntir í miðlum 365 miðla. Að auki eru verð eða viðskiptakjör sem jafna má til slíkra skilyrða óheimil.

#### 3. gr.

##### Viðskipti milli 365 miðla og Miða.is

Öll viðskipti á milli Miða.is annars vegar og 365 miðla eða annarra dótturfélaga 365 miðla hins vegar skulu vera á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti á milli ótengdra aðila væri að ræða.

#### 4. gr.

##### Trúnaðarupplýsingar

Óheimilt er að nýta í starfsemi 365 miðla við sölu á birtingu auglýsinga og kynninga upplýsingar sem verða til í starfsemi Miða.is. Til dæmis skulu starfsmenn 365 miðla sem koma að sölu auglýsinga í miðlum félagsins ekki hafa aðgang að upplýsingum um viðskiptavini Miða.is sem eru eða verða til í starfseminni og hýstar eru í kerfum Miða.is. Starfsmenn Miða.is skulu ekki hafa aðgang að upplýsingum sem eru eða verða til um viðskiptamenn 365 miðla á auglýsingamarkaði.

Framangreint skal tryggt með nauðsynlegum aðgerðum af hálfu hinna sameinuðu félaga sem kynntar skulu Samkeppniseftirlitinu.



#### **5. gr.**

##### **Sjálfstæði Miða.is og stjórnarseta**

**Miði.is skal rekinn sem sjálfstæður lögaðili og skal a.m.k. einn stjórnarmanna félagsins vera óháður.**

**Stjórnarmaður telst óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá hinum sameinuðu félögum, eða fyrirtækjum sem félögin eiga meira en 15% eignarhlut í, er ekki maki stjórnarmanns eða í framkvæmdastjórn hjá ofangreindum aðilum, skyldur þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar. Þá telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá fyrirtæki sem hefur yfirráð yfir hinum sameinuðu félögum eða hefur verulegra fjárhagslegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi hinna sameinuðu félaga og dótturfélaga þeirra. Þeir sem sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila teljast ekki óháðir.**

#### **6. gr.**

##### **Framkvæmd**

**Hin sameinuðu félög, 365 miðlar og Miði.is, munu kappkosta að starfa í hvívetna í samræmi við skilyrði þessi. Í því augnamiði munu félögin standa fyrir kynningu á skilyrðum þessum á meðal starfsmanna félaganna. Skal það gert innan eins mánaðar frá undirritun sáttar vegna málsins.**

#### **7. gr.**

##### **Viðurlög**

**Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í skilyrðum þessum varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson